



Viðtakandi: Borgarstjóri
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 10. apríl 2025
FAS24120011

VEGNA UMFJÖLLUNAR UM SAMANTEKIN REIKNINGSSKIL REYKJAVÍKURBORGAR

Vegna umfjöllunar Morgunblaðsins um reikningsskil Reykjavíkurborgar mánudaginn 7. apríl 2025 er rétt að leiðrétta rangfærslur og ónákvæmni um reikningsskil Reykjavíkurborgar sem birtast í fréttáflutningi fjölmiðilsins.

Umfjöllunin varðar fyrirspurn frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þann 2. janúar sl. til fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar. Í fyrirspurninni er óskað sjónarmiða Reykjavíkurborgar um ýmis atriði í reikningsskilum borgarinnar, einkum mat og flokkun eigna Félagsbústaða hf. Fjármála- og áhættustýringarsvið svaraði umræddri fyrirspurn með bréfi, dags. 17. mars 2025, sem er hjálagt minnisblaði þessu.

Í fyrsta lagi er ranglega fullyrt í umfjöllun Morgunblaðsins að „uppgjör Reykjavíkurborgar sé án lagastoðar“. Er þar vitnað í bókun Einars S. Hálfðánarsonar fulltrúa í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar í fundargerð, dags. 28. mars sl. Hið rétta er að samantekinn ársreikningur Reykjavíkurborgar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, ásamt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, eftir því sem við á. Í því samhengi liggur fyrir álit reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga frá október 2020 í máli nr. 1/2020 og álit reikningsskilaráðs, dags. 3. júlí 2020, í máli nr. 1/2020 þar sem fallist er á að Reykjavíkurborg sé heimilt að taka reikningsskil Félagsbústaða hf. óbreytt í samstæðureikning Reykjavíkurborgar.

Þar sem Reykjavíkurborg er sveitarfélag en ekki félag í skilningi laga um ársreikninga gilda því sveitarstjórnarlög um reikningsskil borgarinnar, sbr. sérstaklega ákvæði 60. gr. til 61. gr. Reykjavíkurborg er því hvorki móðurfélag fyrirtækja í B-hluta borgarinnar né myndar Reykjavíkurborg samstæðu með þeim í skilningi laga um ársreikninga.

Í 61. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að samstæðureikning sveitarfélags skuli gera samkvæmt sveitarstjórnarlögum, ársreikningalögum og reglum settum samkvæmt þeim, sem og góðri reikningsskilavenju. Í reglugerð nr. 1212/2015, sem sett er á grundvelli sveitarstjórnarlaga, er skilgreint hvernig taka skuli saman ársreikninga A- og B- hluta. Þar segir að samantekin reikningsskil séu sameinuð reikningsskil A-hluta og B-hluta sveitarfélags. Reglur um samstæðureikningsskil, samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga, skulu síðan gilda að svo miklu leyti sem við á en í 4. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga kemur fram að sérlæg (lex specialis) gangi framar þeim. Þar sem sveitarstjórnarlög eru sérlæg í tilviki reikningsskila sveitarfélaga þá gilda þau framar lögum um ársreikninga við reikningsskil borgarinnar, þ.m.t. samantekin reikningsskil A- og B- hluta. Reikningsskil Reykjavíkurborgar eru því ekki hefðbundin samstæðureikningsskil hlutafélaga.

Reikningsskil fyrirtækja innan B-hluta Reykjavíkurborgar eru því færð óbreytt í samantekinn ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir A- og B-hluta enda eru reikningsskil þeirra ekki í andstöðu við sveitarstjórnarlög eða lög um ársreikninga. Í samanteknum ársreikningi fyrir A- og B- hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga borgarinnar. Reykjavíkurborg telur því að samantekinn ársreikningur A- og B-hluta borgarinnar gefi glögga mynd af rekstri, efnahag og sjóðstreymi sveitarfélagsins og sé í samræmi við sveitarstjórnarlög.



Ekki verður séð hvaða rök eru fyrir því að samantekinn ársreikningur með breyttum reikningsskilum stærstu B-hluta fyrirtækjanna gefi gleggri mynd heldur en óbreytt reikningsskil þeirra.

Í öðru lagi er einnig ranglega fullyrt í fréttáflutningi og tilvitnaðri bókun Einars S. Hálfðánarsonar „[...] að mikils misskilnings gæti í svari Reykjavíkurborgar til reikningsskila og upplýsinganefndar sveitarfélaga. ESA hafi aldrei fjallað um reikningsskil Reykjavíkurborgar, heldur einungis reikningsskil Félagsbústaða, enda falli reikningsskil sveitarfélaga ekki undir ákvæði EES-samningsins.“

Í svari Reykjavíkurborgar til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (ekki reikningsskila og upplýsinganefndar líkt og ranglega er fullyrt í bókun og fréttáflutningi) er ekki að finna fullyrðingu þess efnis að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafi tekið afstöðu til þess hvaða reikningsskilaaðferðar sveitarfélögum beri að beita innan Evrópska efnahagssvæðisins. Tilvitnuð bókun er því byggð á misskilningi um efnislegt innihald svarsins. Í svarinu er eingöngu vísað í bréf innviðaráðuneytisins til ESA, dags. 29. apríl 2022, varðandi það að ráðuneytið tók sérstaklega fram í umræddu svari sínu til ESA að Reykjavíkurborg væri heimilt að beita fyrrgreindum aðferðum við reikningsskil í samræmi við sveitarstjórnarlög og reglugerð nr. 1212/2015 sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga spyrst nú fyrir um af óútskýrðum ástæðum.

Um nánari röksemdir er vísað til hjálagðs svars Reykjavíkurborgar til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dags. 17. mars 2025.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri
fjármála- og áhættustýringarsviðs

Hjálagt:

Svar Reykjavíkurborgar til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dags. 17. mars 2025.